

Alþingi
Erindi nr. P 130/62
komudagur 3.11.130/62

Reykjavík, 15. október 2003

Fjármálaráðuneytið
B.t. Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra.
Arnarhváli
150 Reykjavík

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 14. október sl. var ákveðið að óska eftir að ráðuneytið veitti nefndinni upplýsingar og svör við nokkrum spurningum sem varða þrjú frumvörp sem fjármálaráðherra flytur og vísað hefur verið til nefndarinnar. Málín sem um ræðir eru 89. mál, tryggingagjald, 90. mál, fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl. og 88. mál, tekjuskattur og eignarskattur.

Óskir um upplýsingar og spurningar eru eftirfarandi:

89. mál, tryggingagjald.

Óskað er eftir:

1. upplýsingum um hversu margir hafi nýtt sér heimild til viðbótarlífeyrissparnaðar, skipt eftir:
 - a. fjölda þeirra sem lagt hefur fyrir 2% af tekjum sínum og þeim sem lagt hefur fyrir 4% ár hvert frá því lögin voru sett.
 - b. mismunandi tekjuhópum.
2. upplýsingum um heildarsparnað sem og framlag launþega, atvinnurekenda og ríkis ár hvert.
3. upplýsingum um áhrif viðbótarlífeyrissparnaðar á þenslu í þjóðfélaginu og hvaða áhrif niðurfelling ríkisframlag hefur.
4. upplýsingum um hver séu áhrif viðbótarlífeyrissparnaðar á annars konar sparnað hjá almenningi.
5. sögulegu yfirliti yfir aðferðir sem hafa haft það að markmiði að hvetja menn til sparnaðar hér á landi og erlendis, sbr. t.d. reglur um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa.
6. upplýsingum um skiptinu mótframlags.
7. upplýsingum um það í hvaða kjarasamningum sé samið um mótframlag.
8. sundurliðuðum upplýsingum um það með hvaða hætti fjármálastofnanir, sem heimild hafa til að taka á móti viðbótarlífeyrissparnaði, hafi ávaxtað sparnaðinn.

90. mál, fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl.

Óskað er eftir:

1. yfirliti yfir alla sérstaka skattheimtu á eldsneyti, ökutæki og flutninga hér á landi.
2. samanburði á sköttum á eldsneyti og ökutæki milli Norðurlandanna.
3. upplýsingum um hvort gerð hafi verið athugun á samkeppnisumhverfi í sjó- og landflutningum hér við land?
4. upplýsingum um hækkun þungaskatts og vörugjalds af eldsneyti í samanburði við hækkun verðlags og hækkun launa seinustu 10 ár.
5. upplýsingum um þróun heimsmarkaðsverðs á eldsneyti síðastliðin 10 ár.

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFND

6. upplýsingum um hver sé hlutur vörugjalds og annarra sérstakra skatta í endanlegu verði eldsneytis síðustu 10 ár.
7. álit ráðuneytisins á því hvort ástæða sé til að verðlagstengja þessa skatta eða ákveða hækkun þeirra fram í tímann með öðrum hætti.
8. upplýsingum um áhrif hækkunar þungaskatts og vörugjalds á atvinnugreinar; verðlagningu í vöruflutningum, á útsöluverð leigubíla, greiðabíla og flutningabíla.
9. upplýsingum um hlutdeild þessara skatta í orkuverði, hlutdeild orkuverðs í flutningskostnaði og hlutdeild flutningsverðs í neyslukostnaði á stöðum út á landi.
10. upplýsingum um áhrif þessara skattahækkanna á vísitölu neysliverðs.

88. mál, tekjuskattur og eignarskattur.

Óskað er eftir:

1. samanburði sem tekur til síðastliðinna tíu ára á breytingum einstakra skatta skv. verðlagsforsendum fjárlaga samanborið annars vegar við verðlagsvísitölu og hins vegar við launavísitölu.
2. útlíðun á uppbyggingu vaxtabótakerfisins.. Hvaða þættir hafa áhrif og hvernig.
3. að ráðuneytið afli upplýsinga frá Íbúðalánasjóði hversu mikið hefur verið greitt upp af lánunum sem sjóðurinn hefur veitt sundurgreint eftir ársfjórðungum síðustu 10 ár og hver sé útistandandandi húsbref hverju sinni.
4. upplýsingum um það á hvað mörgum aðilum fyrirhuguð lækkun vaxtabóta mun bitna, skipt eftir tekjuhópum.
5. upplýsingum um greiðslur vaxtabóta eftir landshlutum.
6. upplýsingum um hversu algengt það sé að vaxtabætur séu skertar vegna eigna.
7. upplýsingum um aldurssamsetningu þeirra sem byggja vaxtabætur.
8. upplýsingum um hvaða áhrif það hefði á tekjum ríkissjóðs ef tekjumörk hátekjuskattsins yrðu hækkuð um 0 þús.kr / 10 þús.kr / / 100 þús.kr.
9. upplýsingum um greiðendur hátekjuskatts, þ.e. aldurssamsetningu þeirra, þjóðfélagsstöðu og menntun.
10. upplýsingum um tekjur ríkissjóðs af alþjóðlegum viðskiptafélögum, fjölda þeirra og afkomu.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd efnahags- og viðskiptanefndar

Pétur H. Blöndal,
formaður.

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFND